

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um átaksverkefni um framleiðslu og markaðssetningu vistrænna og lífrænna afurða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Efnt skal til átaksverkefnis um vöruþróun og sölu íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og sjálfbærrar þróunar á innlendum og erlendum mörkuðum.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar fjóra menn í stjórn átaksverkefnisins og skal einn tilnefndur af landbúnaðarráðuneyti, einn af umhverfisráðuneyti, einn af bændasamtökunum og einn samkvæmt tilnefningu VOR, landssamtaka bænda í lífrænum búskap.

Landbúnaðarráðherra skipar formann úr hópi stjórnarmanna. Ef atkvæði falla jafnt við ákvarðanatöku hjá stjórninni ræður atkvæði formanns.

3. gr.

Stjórn verkefnisins skal stuðla að verkefnum á sviði fræðslu um vistvæna og lífræna framleiðslu, gæðastjórnunar, áætlanagerðar, vöruþróunar og markaðssetningar íslenskra afurða undir merkjum hollustu, hreinleika og gæða.

Með lífrænni framleiðslu í lögum þessum er átt við þá framleiðslu er fellur undir 6. gr. laga nr. 162/1994, um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

4. gr.

Ríkissjóður leggur átaksverkefninu til 25 millj. kr. á ári á fjárlögum árin 1996–99.

5. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur yfirumsjón með framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. mars 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Blöndal.